

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/95/EB

frá 12. desember 2006

um samþæfingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka
(kerfisbundin útgáfa)

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-
bandalaganna ⁽¹⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 73/23/EBE frá 19. febrúar 1973 um samþæfingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka ⁽³⁾ hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda þá tilskipun.
- 2) Gildandi ákvæði í aðildarríkjunum, sem ætlað er að tryggja öryggi við notkun raffanga sem notuð eru innan vissra spennumarka, geta verið mismunandi þannig að hindri viðskipti.
- 3) Í löggjöf sumra aðildarríkja um öryggi tiltekinna raffanga eru ófrávikjanleg skilyrði um fyrirbyggjandi ráðstafanir ásamt þvingandi ákvæðum til að knýja á um að þessu öryggi verði náð.
- 4) Í löggjöf annarra aðildarríkja er í sama skyni vísað til tæknistaðla sem settir eru af staðlastofnunum. Slíkt kerfi hefur þá kosti að fljótlegt er að laga það að tækni-
framförum án þess að slaka á öryggiskröfum.

5) Tiltekin aðildarríki annast stjórnsýslu til að samþykkja staðla. Slíkt samþykki hefur ekki áhrif á tæknilegt efni staðlanna á neinn hátt eða takmarkar notkun þeirra. Frá sjónarhóli Bandalagsins getur slíkt samþykki því ekki breytt áhrifum staðla sem samhæfðir hafa verið og birtir.

6) Innan Bandalagsins á flutningur raffanga að vera frjáls ef þau uppfylla vissar öryggiskröfur sem öll aðildarríkin viðurkenna. Án þess að útiloka aðrar aðferðir til staðfestingar má sanna samræmi við kröfur með tilvísun til samhæfðra staðla sem fela í sér þessar kröfur. Þessa samhæfðu staðla skal setja með almennu samkomulagi milli aðila sem hvert aðildarríki skal tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um og kynna það eins víða og mögulegt er. Slík samþæfing ætti, að því er viðskipti áhrærir, að eyða þeim óþægindum sem stafa af mismunandi landsstöðlum.

7) Án þess að útiloka aðrar aðferðir til staðfestingar er heimilt að gera ráð fyrir að rafföng séu í samræmi við samhæfða staðla á grundvelli merkja eða vottorða sem sett eru á eða gefin út af þar til bærnum stofnunum eða, ef slíku er ekki til að dreifa, á grundvelli yfirlýsingar framleiðanda um samræmi. Til að greiða fyrir því að viðskiptahindranir séu fjarlægðar ættu aðildarríkin að viðurkenna slík merki, vottorð eða yfirlýsingar sem sönnunargögn. Í þessu skyni ætti að kynna umrædd merki eða vottorð einkum með birtingu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

8) Sem bráðabirgðaráðstöfufun má koma á frjálsum flutningi raffanga sem enn eru ekki til samhæfðir staðlar fyrir með því að beita öryggisreglum eða stöðlum sem þegar hafa verið settir af öðrum alþjóðastofnunum eða einhverri þeirra stofnana sem ákvarða samhæfða staðla.

9) Mögulegt er að rafföng verði sett í umferð jafnvel þótt þau uppfylli ekki öryggiskröfurnar og því er æskilegt að setja viðeigandi ákvæði til að draga úr þessari hættu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 10, 14.1.2004, bls. 6.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 21. október 2003 (Stjtið. ESB C 82 E, 1.4.2004, bls. 68) og ákvörðun ráðsins frá 14. nóvember 2006.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 77, 26.3.1973, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1).

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta V. viðauka.

- 10) Í ákvörðun ráðsins 93/465/EBE⁽¹⁾ eru aðferðaeiningarnar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsaðferðanna, sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu, ákvarðaðar.
- 11) Val á aðferðum skal ekki leiða til lækkunar öryggisstaðla raffanga sem hafa þegar verið ákvarðaðir í gervöllu Bandalaginu.
- 12) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að taka upp í landslög og beita tilskipunum sem eru tilgreindar í B-hluta V. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í tilskipun þessari merkir „raffang“ hvers konar búnað sem ætlaður er til notkunar við spennu milli 50 og 1 000 V við riðstraum og milli 75 og 1 500 V við jafnstraum, að undanskildum rafföngum og fyrirbærum sem talin eru upp í II. viðauka.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að raffang megi aðeins setja á markað hafi góðum starfsvenjum í verkfræði verið fylgt við smíði þess í samræmi við gildandi öryggisákvæði í Bandalaginu og það stofni ekki öryggi manna, húsdýra eða eigna í hættu þegar það er rétt upp sett, því við haldið og það notað með þeim hætti sem til er ætlast.

2. Helstu þættir þeirra öryggismarkmiða, sem um getur í 1. mgr., eru taldir upp í I. viðauka.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að sé raffang þess eðlis að það uppfylli ákvæði 2. gr., með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 5., 6., 7. eða 8. gr., skuli frjáls flutningur þess innan Bandalagsins ekki hindraður af öryggisástæðum.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að rafveitur geri ekki strangari öryggiskröfur til raffanga en mælt er fyrir um í 2. gr. þegar um er að ræða tengingu við dreifikerfið eða afhendingu rafmagns til notenda raffanga.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að einkum og sér í lagi rafföng, sem uppfylla öryggisákvæði samhæfðra staðla, séu af lögbærum stjórnvöldum aðildarríkjanna talin uppfylla ákvæði 2. gr. að því er varðar markaðssetningu og frjálsan flutning sem um getur í 2. og 3. gr. Staðlar teljast samhæfðir þegar þeir hafa verið samþykktir með almennu samkomulagi þeirra aðila sem aðildarríkin hafa tilkynnt um í samræmi við a-lið 1. mgr. í 11. gr. og birtir samkvæmt gildandi reglum í viðkomandi landi. Staðlana skal stöðugt endurskoða í ljósi tækniframfara og þróunar góðra

verkfræðilegra vinnubragða í öryggismálum. Í upplýsingaskyni skal birta skrár yfir samhæfða staðla og tilvísanir í þá í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

1. Ef samhæfðir staðlar eins og þeir eru skilgreindir í 5. gr. hafa enn ekki verið staðfestir og birtir skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að lögbær stjórnvöld líti svo á, í samræmi við 2. gr. um markaðssetningu eða 3. gr. um frjálsa flutninga, að rafföng, sem uppfylla þau öryggisákvæði Alþjóðanefndarinnar um reglur um samþykki raffanga (CEE) eða Alþjóðaraftækninefndarinnar (IEC) sem birt hafa verið með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr., uppfylli einnig ákvæði 2. gr.

2. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um öryggisákvæðin sem getið er um í 1. mgr. frá og með gildistöku þessarar tilskipunar og síðan frá og með útgáfu þeirra. Framkvæmdastjórnin tiltekur, eftir að hafa ráðfært sig við aðildarríkin, þau ákvæði og einkum og sér í lagi þau afbrigði sem hún mælist til að séu birt.

3. Aðildarríkin skulu innan þriggja mánaða upplýsa framkvæmdastjórnina um þau andmæli sem þau kunna að hafa fram að færa gegn þeim ákvæðum sem þannig var tilkynnt um og tiltaka þær öryggisástæður sem mæla gegn því að ákvæðin séu viðurkennd.

Í upplýsingaskyni skal birta þau öryggisákvæði sem engin andmæli hafa vakið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Ef samhæfðir staðlar í skilningi 5. gr. eða öryggisákvæði birt samkvæmt ákvæðum 6. gr. eru enn ekki til skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hvað varðar markaðssetningu eða frjálsan flutning eins og um getur í 2. og 3. gr. skuli lögbær stjórnvöld þeirra gera ráð fyrir að rafföng framleidd samkvæmt öryggisákvæðum þeirra staðla sem gilda í aðildarríki framleiðandans, fullnægi ákvæðum 2. gr. ef þeir tryggja samsvarandi öryggisstig og kraftif er á yfirráðasvæði þeirra.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðaeiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsaðferðanna og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismarkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu (Stjtið. EB L 220, 30.8. 1993, bls. 23).

8. gr.

1. Áður en rafföngin eru sett á markað skal setja á þau CE-merkið sem kveðið er á um í 10. gr. til staðfestingar á því að farið sé að öllum ákvæðum þessarar tilskipunar, þar með töldum reglum um aðferðir við samræmistat sem lýst er í IV. viðauka.

2. Sé þetta véfengt getur framleiðandi eða innflytjandi lagt fram skýrslu um samræmi raffangsins við ákvæði 2. gr., samda af aðila sem tilkynntur hefur verið eins og mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 11. gr.

3. Ef rafföng falla undir ákvæði annarra tilskipana sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að setja skuli CE-merki á vörur gefur þetta merki til kynna að viðkomandi búnaður teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara annarra tilskipana.

Heimili ein eða fleiri þessara tilskipana framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma sýnir CE-merkið eingöngu að það sé í samræmi við ákvæði þeirra tilskipana sem framleiðandi beitir. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í þær tilskipanir sem beitt er, eins og þær eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í tilskipunum og fylgja slíkum rafföngum.

9. gr.

1. Ef aðildarríki bannar markaðssetningu raffangs eða hindrar frjálsan flutning þess af öryggisástæðum skal það þegar í stað tilkynna það hinum aðildarríkjunum sem málið varðar og framkvæmdastjórninni, gefa upp ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni og taka sérstaklega fram:

a) hvort ósamræmi þess við 2. gr. stafí af annmarka á samhæfðu stöðlunum sem um getur í 5. gr., ákvæðunum sem um getur í 6. gr. eða stöðlunum sem um getur í 7. gr.,

b) hvort ósamræmi þess við 2. gr. stafí af því að stöðlum eða útgefnum fyrirmælum hafi ekki verið beitt á réttan hátt eða vikið hafi verið frá góðum starfsvenjum í verkfræði eins og um getur í þeirri grein.

2. Ef önnur aðildarríki hafa uppi andmæli við ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. hefur framkvæmdastjórnin þegar í stað samráð við hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Hafi samkomulag ekki náðst innan þriggja mánaða frá dagsetningu þeirrar tilkynningar sem kveðið er á um í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin verða sér úti um álit frá einum þeirra aðila sem tilkynntir hafa verið í samræmi við b-lið 1. mgr. í 11. gr. og sem hefur skrásetta skrifstofu utan yfirráðasvæðis þeirra aðildarríkja sem um er að ræða og hefur ekki tekið þátt í þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 8. gr. Í álitgerðinni skal koma fram að hve miklu leyti ákvæði 2. gr. hafa ekki verið uppfyllt.

4. Framkvæmdastjórnin sendir öllum aðildarríkjunum álit þess aðila sem um getur í 3. mgr. og hafa þau einn mánuð til að koma athugasemdum sínum á framfæri við framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin tekur á sama tímabili til greina allar athugasemdir sem málsaðilar gera við áður nefnt álit.

5. Eftir að hafa kynnt sér þessar athugasemdir setur framkvæmdastjórnin, ef þörf krefur, fram viðeigandi tilmæli eða álit.

10. gr.

1. Framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins ber að setja CE-samræmismerkið sem um getur í III. viðauka á rafföngin, eða ef það er ekki hægt, á umbúðir, leiðbeiningar um notkun eða ábyrgðarskirteini þannig að það sé auðsjáanlegt, auðlæsilegt og óafmáanlegt.

2. Óleyfilegt er að setja á tæki merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á rafföngin, umbúðir þeirra, leiðbeiningar um notkun eða ábyrgðarskirteini að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

3. Með fyrirvara um 9. gr.:

a) komist aðildarríki að því að CE-merki hafi verið sett ranglega á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins skylda til að sjá til þess að rafföngin samræmist ákvæðum um CE-merkingar og að bundinn sé endi á brotið samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkið setur;

b) ef áfram er brotið gegn tilskildum ákvæðum skulu aðildarríkin grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að takmarka eða banna markaðssetningu viðkomandi raffanga eða tryggja að þau verði innkölluð af markaði í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 9. gr.

11. gr.

Hvert aðildarríki skal upplýsa hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina um eftirfarandi:

a) aðila sem um getur í annarri málsgrein 5. gr.,

b) aðila sem heimilt er að gera skýrslu í samræmi við 2. mgr. 8. gr., eða skila álitu í samræmi við 9. gr.,

c) tilvísun í birtinguna sem um getur í annarri málsgrein 5. gr.

Hvert aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni allar breytingar af ofanskráðu.

12. gr.

Þessi tilskipun gildir ekki um rafföng ætluð til útflutnings til þriðju landa.

13. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða landslaga sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær yfir.

14. gr.

Tilskipun 73/23/EBE er hér með felld úr gildi, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að lögleiða tilskipanirnar og til beitingar, sem eru tilgreindar í B-hluta V. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

15. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 12. desember 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. PEKKARINEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Höfuðþættir öryggismarkmiða fyrir rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka

1. Almenn ákvæði

- a) Helstu kennistærðir, sem þekkja þarf og taka tillit til svo að örugg og rétt notkun raffanga sé tryggð, skulu skráðar á rafföngin eða, sé slíkt ekki mögulegt, í viðvörun sem þeim fylgir.
- b) Nafn framleiðanda eða tegundarheiti eða vörumerki skal standa skýrum stöfum á raffanginu eða, sé slíkt ekki mögulegt, á umbúðunum.
- c) Rafföng og íhlutir þeirra skulu þannig gerð að tryggt sé að hægt sé að setja þau saman og tengja rétt og örugglega.
- d) Hönnun og framleiðsla raffangsins skal vera með þeim hætti að tryggð sé vörn gegn þeim hættum sem nefndar eru í 2. og 3. lið þessa viðauka, að því tilskildu að raffangið sé notað eins og til er ætlast og viðhald þess sé fullnægjandi.

2. Vörn gegn hættum sem stafa af rafföngum

Mæla skal fyrir um ráðstafanir tæknilegs eðlis skv. 1. lið, til að tryggja:

- a) að fólk og húsdýr séu nægilega varin gegn hættu á meiðslum eða öðrum hættum sem beint eða óbeint gætu stafað af snertingu við rafmagn;
- b) að ekki myndist hiti, ljósbogar eða geislun sem valda mundi hættu;
- c) að fólk, húsdýr og eignir séu nægilega varin gegn hættum sem ekki eru raftæknilegs eðlis, en reynsla sýnir að raftæki geta valdið;
- d) að einangrun sé fullnægjandi við þær aðstæður sem sjá má fyrir.

3. Vörn gegn hættum sem orsakast geta af ytri áraun á rafföng

Mæla skal fyrir um ráðstafanir tæknilegs eðlis skv. 1. lið, til að tryggja:

- a) að raffangið uppfylli þær kraftrænu kröfur sem af því má vænta þannig að fólki, húsdýrum eða eignum sé ekki stofnað í hættu;
- b) að raffangið þoli þá áraun sem það verður fyrir við þær umhverfisaðstæður sem vænta má, og ekki er kraftræn, þannig að fólki, húsdýrum og eignum sé ekki stofnað í hættu;
- c) að raffangið stofni ekki fólki, húsdýrum né eignum í hættu við fyrirsjáanlegt yfirálag.

*II. VIÐAUKI***Búnaður og fyrirbæri utan sviðs þessarar tilskipunar**

Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum

Rafföng til notkunar í geislafræðilegum og læknisfræðilegum tilgangi

Rafmagnshlutar fyrir fólks- og vörulyftur

Rafmagnsmælur

Klær og tenglar til heimilisnota

Spennugjafar fyrir rafgirðingar

Rafsegul-rafmagnstruflanir


Sérhæfð rafföng til notkunar í skipum, flugvélum og járnbrautum, sem uppfylla öryggisreglur settar af alþjóðasamtökum sem aðildarríkið er aðili að.

III. VIÐAUKI

CE-samræmismörking og EB-samræmisfirlýsing

A. CE-samræmismörking

CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



- Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.
- Einstakir hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

B. EB-samræmisfirlýsing

Í EB-samræmisfirlýsingunni skulu eftirfarandi þættir koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins,
- lýsing á rafföngunum,
- tilvísun í samhæfða staðla,
- ef við á, tilvísun í þær tækniforskriftir sem samræmisfirlýsingin byggir á,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur heimild til að skuldbinda framleiðandann eða viðurkenndan fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins,
- tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar CE-merkið var sett á.

IV. VIÐAUKI

Innra framleiðslueftirlit

1. Innra framleiðslueftirlit er það ferli sem framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins, sem uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. lið, beitir til að tryggja og ábyrgjast að rafföng séu í samræmi við þær kröfur þessarar tilskipunar sem við þau eiga. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins skal setja CE-merkið á hverja vöru og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin sem lýst er í 3. lið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans sem er með staðfestu innan Bandalagsins skal hafa þau aðgengileg á yfirráðasvæði Bandalagsins fyrir viðkomandi landsyfirvöld til skoðunar í a.m.k. 10 ár frá því síðasta varan var framleidd.

Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans hafa staðfestu innan Bandalagsins skal sú skylda hvíla á aðilanum sem ber ábyrgð á að markaðssetja rafföngin í Bandalaginu.
3. Tæknigögnin skulu gera kleift að meta samræmi raffanganna við kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, eftir því sem við á vegna slíks mats, ná til hönnunar, framleiðslu og virkni raffanganna. Í þeim skal eftirfarandi koma fram:
 - almenn lýsing á rafföngunum,
 - heildarhönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásam o.s.frv.,
 - lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á þessum teikningum og skýringarmyndum svo og virkni raffanganna,
 - skrá yfir staðla sem notaðir eru, í heild sinni eða að hluta til, og lýsingar á þeim lausnum sem gripið er til í því skyni að fullnægja öryggiskröfum þessarar tilskipunar ef stöðlum er ekki beitt,
 - niðurstöður hönnunarrétreikninga sem gerðir eru, rannsóknir sem farið hafa fram o.s.frv.,
 - prófunarskýrslur.
4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal varðveita afrit af samræmisýfirlýsingunni ásamt tæknigögnunum.
5. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðsluferlið skili framleiðsluvörum sem eru í samræmi við tæknigögnin sem um getur í 2. lið og kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um þær.

V. VIÐAUKI

A-hluti

Niðurfelld tilskipun með breytingum

Tilskipun ráðsins 73/23/EBE	(Stjttíð. EB L 77, 26.3. 1973, bls. 29)
Tilskipun ráðsins 93/68/EBE, einungis 12. liður 1. gr. og 13. gr.	(Stjttíð. EB L 220, 30.8. 1993, bls. 1)

B-hluti

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Kemur til framkvæmda
Tilskipun 73/23/EBE	21. ágúst 1974 ⁽¹⁾	—
Tilskipun 93/68/EBE	1. júlí 1994	1. janúar 1995 ⁽²⁾

⁽¹⁾ Þegar Danmörk átti í hlut var fresturinn framlengdur í fimm ár, þ.e. til 21. febrúar 1978. Sjá 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 73/23/EBE.⁽²⁾ Fram til 1. janúar 1997 urðu aðildarríkin að leyfa að vörur, sem voru í samræmi við reglur um merkingu frá því fyrir 1. janúar 1995, væru settar á markað og teknar í notkun. Sjá 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 93/68/EBE.

VI. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 73/23/EBE	Þessi tilskipun
1. — 7. gr.	1. — 7. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 8. gr.
a-liður 3. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 8. gr.
b-liður 3. mgr. 8. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 8. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 9. gr.	a-liður 1. mgr. 9. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 9. gr.,	b-liður 1. mgr. 9. gr.
2. til 5. mgr. 9. gr.	2. til 5. mgr. 9. gr.
10. gr.	10. gr.
Fyrsti undirliður 11. gr.	a-liður 11. gr.
Annar undirliður 11. gr.	b-liður 11. gr.
Þriðji undirliður 11. gr.	c-liður 11. gr.
12. gr.	12. gr.
1. mgr. 13. gr.	—
2. mgr. 13. gr.	13. gr.
—	14. gr.
—	15. gr.
14. gr.	16. gr.
I. til IV. viðauki	I. til IV. viðauki
—	V. viðauki
—	VI. viðauki